# Öryggisblað (MSDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 750/2008

## 1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

**1.1 Vörukenni:** **Keramik smurefni 200 ml**

**Vörunúmer:** **LM3415**

**1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:**

| | |
|---|---|
| **Viðeigandi notkun** | Smurefni fyrir háhitanotkun í úðabrúsa. |
| **Notkun sem ráðið er frá** | Engar upplýsingar fyrirliggjandi. |

| | **Söluaðili** | **Framleiðandi** |
|---|---|---|
| **1.3** | **Stilling ehf**<br>Kletthálsi 5<br>110 Reykjavík | LIQUI MOLY GmBH<br>Jerg-Wieland Strasse 4<br>D-89081 Ulm-Lehr<br>Þýskaland |
| **Sími:** | 5208000 | 00-49-731-1420-0 |
| **Netfang:** | stilling@stilling.is | info@liqui-moly.de |
| **Veffang:** | www.stilling.is | www.liqui-moly.de |

**1.4 Neyðarsímanúmer:** Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

## 2. Hættugreining

**2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:**

**Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):**

| | | |
|---|---|---|
| H222 | Afar eldfimt úðaefni | Eldf.úðaefni 1 |
| H229 | Þrýstihylki. Sprengifimt við upphitun | Eldf.úðaefni 1 |

**Flokkun skv. tilskipunum EB 67/548 og 1990/45 (með síðari breytingum): (Ísl. reglugerð 236/1990 með síðari breytingum:)**

**F+** H12 Afar eldfimt

**2.2 Merkingaratriði:**

**Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):**

**Hættutákn:**



**Viðvörunarorð:** **HÆTTA**

| | | |
|---|---|---|
| **Hættusetningar** | H222 | Afar eldfimt úðaefni |
| | H229 | Þrýstihylki. Sprengifimt við upphitun |
| **Varnaðarsetningar** | P102 | Geymist þar sem börn ná ekki til |
| | P210 | Haldið frá hitagjöfum, neistagjöfum, opnum eldi og heitum flötum. - Reykingar bannaðar. |
| | P211 | Má ekki úða á opinn eld eða annan hita- og neistagjafa. |
| | P251 | Þrýstihylki: Ekki má gata eða brenna hylki jafnvel þótt þau séu tóm. |
| | P410+P412 | Hlífið við sólarljósi. Hlífið við hærri hita en 50 °C. |

**2.3 Aðrar hættur:**

*Sjá einnig 11. og 15. lið.*

Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB.
(**PBT**: Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. **vPvB**: Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).
Getur myndað sprengifimar blöndur með lofti, sé loftræsting ófullnægjandi.,

## 3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

**3.1 Efni:** Á ekki við

**3.2 Blöndur:**

-

**Annað:**

*Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfæribreytur í 8. lið.*

## 4. Ráðstafanir í skyndihjálp

**4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálp:**

**Almennt** Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Tryggið að öndunarvegur sé opinn. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og undir eftirliti. Leitið læknis/bráðamóttöku, ef vafi er um ástand hins slasaða. Við meðvitundarleysi skal leggja í læsta hliðarlegu og leita læknis.

**Innöndun** Tryggið ferskt loft. Leitið læknis ef einkenni hverfa ekki fljótt. Meðhöndlun eftir einkennum.

**Snerting við húð** Hreinsið húð strax vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið læknis verði vart við ertingu.

**Snerting við augu** Skolið varlega með miklu vatni og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun. Leitið læknis hverfi einkenni ekki fljótlega.

**Inntaka** Skolið munn með vatni. Gefið mikið vatn að drekka. Leitið strax læknis. Sýnið öryggisblaðið.

**4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:**

Sjá lýsingu í lið 11. Birtingu einkenna getur seinkað um allmargar klukkustundir.

**4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:**

Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi.

## 5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

**5.1 Slökkvibúnaður:**

**Hentugur slökkvibúnaður:** Koldíoxíð, slökkviduft, vatnsúði. Kælið umbúðir með vatnsúða. Notið alkóhólþolna froðu á mikinn eld.

**Óhentugur slökkvibúnaður:** Beinn vatnsgeisli.

**5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:**

Við bruna geta myndast: kolmónoxíð, koldíoxíð, eitruð niðurbrotsefni, eld- og sprengifimar blöndur með lofti. Sprengihætta við upphitun

**5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:**

Forðist innöndun gufu og reyks við bruna. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6.lið og fargið skv.13.lið.

## 6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysni

**6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:**

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði. Fjarlægið alla hita- eld- og neistagjafa. Reykið ekki. Varan getur myndað hálkubletti.

**6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:**

Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi.

**6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:**

Við losun gufu skal tryggja góða loftræstingu. Gerið varnargarða og notið ísogsefni svo sem sand, kísilgúr eða jarðveg, eða mokið eða skrapið upp með verkfærum. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið.

**6.4 Tilvísun í aðra liði:** Sjá liði 8. og 13.

## 7. Meðhöndlun og geymsla

### 7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun, inntöku og snertingu við húð og augu. Reykið ekki. Fjarlægið eld- og neistagjafa. Úðið ekki á heita fleti. Fylgið notkunarleiðbeiningum. Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Notið viðeigandi persónuhlífar, öndunarbúnað, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

### 7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað. Forðist hátt hitastig (>50°C), beint sólarljós, opinn eld og aðra íkveikjuvalda.

### 7.3 Sértæk, endanleg notkun:

Sjá lið 1.2

## 8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

### 8.1 Takmörkunarfæribreytur:

| Efni: | 8 klst ppm | 8 klst mg/m3 | Þakgildi 15mín ppm | Þakgildi 15mín mg/m3 | Annað |
|---|---|---|---|---|---|
| Kísildíoxíð, ókristallað | | 2,4 | | | WEL (ryk sem berst í lungu) |
| Kísildíoxíð, ókristallað | | 6 | | | WEL (allt ryk) |
| Títandíoxíð | | 4 | | | WEL (ryk sem berst í lungu) |
| Bútan | 600 | 1450 | 750 | 1810 | WEL |
| Própan | | 1000 | | | WEL |

WEL = Work Exposure Limit - Langtímamörk váhrifa (8 klst/dag).

| Títandíoxíð | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Notkunarsvið vöru** | **Snertileið** | **Lýsing áhrifa** | **Mæliaðferð** | **Gildi** | **Eining** |
| Atvinnutengt | Fólk, innöndun | Langtíma | DNEL | 10 | mg/m3 |
| Neytendatengt | Fólk, inntaka | Skammtíma | DNEL | 700 | mg/kg |
| | Umhverfi, sjór | | PNEC | 1 | mg/l |
| | Umhverfi, ferskvatn | | PNEC | 0,13 | mg/l |
| | Umhverfi, ferskvatn set | | PNEC | 1000 | mg/kg/þurrt |
| | Umhverfi, sjór set | | PNEC | 100 | mg/kg/þurrt |
| | Umhverfi, jarðvegur | | PNEC | 100 | mg/kg/þurrt |

### 8.2 Váhrifavarnir:

**Tæknileg atriði**

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum.
Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

**Persónuhlífar**

**Augnhlífar** — Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn. (EN166)

**Húð - hendur** — Notið efnaþolna hlífðarhanska úr nítrílgúmmíi. (EN374, >=0,5mm, gegnstreymistími >480 mín.). Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnum gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur. Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

**Húð - annað** — Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar og öryggisskófatnaðar. (EN20345).

**Öndunarfæri** — Ekki nauðsynlegt að jafnaði.

## 9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

**9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:**

| | |
|---|---|
| **Eðlisástand:** | Vökvi (aerosol) |
| **Lykt:** | Einkennandi |
| **Litur:** | Hvítur |
| **Eðlismassi við 20°C:** | 1,09 g/cm$^3$ |
| **Leysanleiki í vatni:** | Óleysanlegt |
| **Oxandi eiginleikar:** | Nei |

**9.2 Aðrar upplýsingar:**

## 10. Stöðugleiki og hvarfgirni

**10.1 Hvarfgirni:**

Varan hefur ekki verið prófuð.

**10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:**

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

**10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:**

Engin þekkt.

**10.4 Skilyrði sem ber að varast:**

Hátt hitastig, opinn eldur, stöðurafmagn og aðrir íkveikjuvaldar. Sprengihætta við upphitun.

**10.5 Ósamrýmanleg efni:**

Sterkir oxarar.

**10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:**

Við bruna geta myndast: kolmónoxíð, koldíoxíð, eitruð niðurbrotsefni, eld- og sprengifimar blöndur með lofti. Sprengihætta við upphitun

## 11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

**11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:**

**Títandíoxíð**

| | Gildi | Niðurstaða | Eining | Dýrateg/Aðferð | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|
| Bráð eiturhrif, inntaka | $LD_{50}$ | >5000 | mg/kg | rotta | OECD 425 |
| Bráð eiturhrif, ísog um húð | $LD_{50}$ | >5000 | mg/kg | kanína | |
| Bráð eiturhrif, innöndun | $LC_{50}$ | >6,8 | mg/L/4 klst | rotta | |
| Húðæting/erting | | Veldur ekki ertingu | | kanína | OECD 404 |
| Alvarlegur augnskaði | | Veldur ekki ertingu | | | OECD 405 |
| Næming, húð eða öndunarfæri | | Neikvætt | | mús | OECD 429 |
| Stökkbreytingar kímfruma | | Neikvætt | | | OECD 471 |
| Einkenni | Erting í slímhúðum. | | | | |

**Bútan**

| | Gildi | Niðurstaða | Eining | Dýrateg/Aðferð | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|
| Bráð eiturhrif, innöndun | $LC_{50}$ | 658 | mg/l/4 klst | rotta | |
| Stökkbreytingar kímfruma | | Neikvætt | | | OECD 471 |
| Einkenni | Skortur á samhæfingu, öndunarerfiðleikar, svimi, meðvitundarleysi, hjartsláttartruflanir, höfuðverkur, krampi, vímuáhrif, svimi, vanlíðan, uppköst. | | | | |

**Própan**

| | Gildi | Niðurstaða | Eining | Dýrateg/Aðferð | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|
| Stökkbreytingar kímfruma | | Neikvætt | | | OECD 471 |
| Einkenni | Öndunarerfiðleikar, svimi, meðvitundarleysi, kal, erting í slímhúðum, krampi, svimi, vanlíðan, uppköst. | | | | |

## 12. Vistfræðilegar upplýsingar

**12.1 Eiturhrif:**

**Keramik smurefni 200 ml**

| | Gildi | Niðurstaða | Tími | Dýrategund | Aðferð |
|---|---|---|---|---|---|
| Annað | Inniheldur ekki AOX efni (lífræn efni með halogenum sem geta aðsogast) | | | | |

| Títandíoxíð | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | **Gildi** | **Niðurstaða** | **Tími** | **Dýrategund** | **Aðferð** |
| Eiturhrif | $LC_{50}$ | >100 mg/l | 96 klst | fiskar | OECD 203 |
| Eiturhrif | $EC_{50}$ | >100 mg/l | 48 klst | Daphnia | OECD 202 |
| Eiturhrif | $EC_{50}$ | 16 mg/l | 72 klst | Þörungar | EPA-600/9-78-018 |
| Þrávirkni og niðurbrot | Brotnar ekki niður í lífverum | | | | |
| Uppsöfnun í lífverum | | Neikvætt | | | |
| Eiturhrif á gerla | $LC_0$ | >10000 mg/l | 24 klst | | |
| Annað | Óleysanlegt í vatni | | | | |

| Bútan | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | **Gildi** | **Niðurstaða** | **Tími** | **Dýrategund** | **Aðferð** |
| Uppsöfnun í lífverum | LogPow | 2,98 | | | Uppsöfnun ekki líkleg |
| Mat á PBT / vPvB | | | | | Flokkast ekki sem slíkt |

| Própan | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | **Gildi** | **Niðurstaða** | **Tími** | **Dýrategund** | **Aðferð** |
| Uppsöfnun í lífverum | LogPow | 2,28 | | | Uppsöfnun ekki líkleg |
| Mat á PBT / vPvB | | | | | Flokkast ekki sem slíkt |

## 13. Förgun

### 13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

**Vara**

Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir sem best.

Skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum:

12 01 12 (notað vax og feiti)

**Óhreinar umbúðir**

Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa.

Skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum:

15 01 04 (málmumbúðir)

## 14. Upplýsingar um flutninga

**Varúðarmerking**

**ADR:**

**UN Númer** 1950
**Efnisheiti v. flutninga:** AEROSOLS
**Hættuflokkur:** 2.1
**Pökkunarflokkur:** -
**Hættuundirflokkur:** 5F
**Jarðgangaflokkun:** D
**Mengunarhætta:** Já




**IMDG:**

**UN Númer** 1950
**Efnisheiti v. flutninga:** AEROSOLS
**Hættuflokkur:** 2.1
**EmS:** F-D, S-U
**Pökkunarflokkur:** -
**Mengunarhætta:** Já




**IATA:**

**UN Númer** 1950
**Efnisheiti v. flutninga:** AEROSOLS, FLAMMABLE
**Hættuflokkur:** 2.1
**Pökkunarflokkur:** -



## 15. Upplýsingar varðandi regluverk

**15.1 Sértæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:**

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), 67/548 EB (DSD), 1999/45 EB (DPD). 2004/42 og 13/01/2010.
Íslenskar reglugerðir 236/1990, 750/2008 og 866/2012.
VOC (EB 2010/75): 7g/200ml

**15.2 Efnaöryggismat:**

Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

## 16. Aðrar upplýsingar

**Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði**

| | |
|---|---|
| H12 | Afar eldfimt. |
| H222 | Afar eldfimt úðaefni |
| H229 | Þrýstihylki. Sprengifimt við upphitun |

**Útgáfa/Dags:** 1/08.02.2015

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.
Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.
Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

| | |
|---|---|
| *Frumheimild:* | ***LIQUI-MOLY GMBH*** |
| | ***SAFETY DATA SHEET according to Regulation (EC) No 1907/2006, Annex II*** |
| | ***KERAMIK PASTE 200 mL*** |
| *Útgáfa:* | *20.11.2014 Útgáfa 0011* |
| *Kemur í stað:* | *27.11.2012 Útgáfa 0010* |